

Örstutt um nám fullorðinna

Hróbjartur Árnason 1997

Það mætti til sanns vegar færa að lærdómur og nám hafi um aldir verið yfirskrift fyrstu tveggja áratuga lífs sérhvers manns. Allt frá því að við lærum að ganga þar til við lærum það starf sem við viljum stunda, erum við að læra. Nú er [aftur á móti] svo komið í samfélagi okkar að ekki er lengur hægt "læra á" lífið meðan við búum í föðurhúsum og hafa þar með vald á því sem við þurfum til að komast af það sem eftir er lífsins. Samfélagið á í svo örum breytingum að hið gamla orðtak "svo lengi lærir sem lifir" hefur öðlast enn þrútnari merkingu en á fyrri öldum.

Eitt af slagorðum fullorðinsfræðslunnar undanfarin 10-15 ár hefur því verið "life long learning". Það er til komið vegna samfélagslegrar þarfar að fullorðnir líti svo á að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að þeir þurfi stöðugt að bæta við þekkingu sína, og jafnvel að læra nýja hluti á miðjum aldri s.s. starf eða starfshætti.

Ýmsum hættir þó til að halda aftur af þroska sínum með því að halda í gamlar mýtur þess eðlis að fullorðnir eigi erfiðara með að læra en ungir. Orðatiltæki eins og "Það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja" hjálpa til að viðhalda slíkum hugmyndum. Virðast þær stundum lífsseigar þrátt fyrir að þegar árið 1927 hafi rannsóknir (Thorndike) sýnt fram á hið gagnstæða. Ýmsir hafa rannsakað nám og lærdóm fullorðinna og hafa rannsóknir þeirra m.a. sýnt að fullorðnir læra fyrst og fremst öðruvísi en börn og á öðrum forsendum, þeir eiga ekki erfiðara með að læra. Hæfni til náms er frekar tengd þjálfun en aldri.

Fullorðnir hafa sjóð af reynslu og þekkingu sem þeir bera saman við og tengja því nýja sem þeir eru að læra.

Þá látast fullorðnir mjög stjórnast af raunsæissjónarmiðum við nám sitt; það sýnir sig m.a. í því að þeir læra helst það sem þeim sýnist að komi þeim að gagni strax. Þeir læra ógjarnan eitthvað sem kemur þeim ekki að gagni fyrr en seinna.

Fullorðnir eru sér þar að auki mjög meðvitaðir um stöðu sína sem fullorðnir og óttast það að kennarin stjórni þeim eða ráðskist með þá eins og minningin er gjarnan úr skólaskyldunni.

Þetta eru nokkur dæmi um það sem einkennir nám fullorðinna. Til þess að vel takist til við námskeið með fullorðnum þarf að taka tillit til þessara og fleirri sérkenna fullorðinna námsmanna.

Tegundir Náms


Þegar við tölum um fullorðinsfræðslu dettur okkur fyrst e.k. námskeið í hug þar sem fræðsla fyrir og með fullorðnum fer fram. Augu manna hafa aftur á móti verið að opnast fyrir mun víðara sviði lærdóms fullorðinna.

Andragogik - [listin og] fræðin um lærdóm og nám fullorðinna - rannsakar sem vísindagrein allt það svið sem snertir lærdóm fullorðinna. Sem list örfar hún fullorðna til náms, skipuleggur og útfærir lærdómstækifæri og -uppákomur. Rannsóknir¹, sem t.d. hafa sýnt fram á að meirihluti náms fullorðinna eigi sér stað af sjálfsdáðum, námið sé skipulagt og útfært af hinum fullorðna sjálfum, hafa orðið til að breyta verulega umfjöllun um lærdóm og nám fullorðinna. Í kjölfar þess hefur skipulag og útfærsla náms fullorðinna verið að taka verulegum breytingum.

Mikilvægasti hluti skipulagðs náms fullorðinna er sem sagt sjálfsnám þeirra, þá er ónefnt það sem þeir læra með því einfaldlega að vera viðstaddir, taka þátt eða fylgjast með. Við sjáum því fljótt að þátttaka í námskeiðum er aðeins toppurinn af ísjakanum sem við köllum nám og lærdómur fullorðinna. Þeir sem fást við það að hjálpa fullorðnu fólki að læra hafa á síðustu árum verið að gera sér grein fyrir þessari vídd í lærdómi fullorðinna. Í framhaldi af því hefur t.d. þjóðverjinn Jost Reischmann² sett allt svið lærdóms fullorðinna skipulega fram á eftirfarandi hátt:

¹ þar er þekktust rannsókn Kanadamannsins Alan Tough frá 1979

² REISCHMANN, J. Lernen "en passant Die vergessene Dimension: Grundlagen der Weiterbildung 6,4 (1995) 200-204.



Fullorðnir læra annaðhvort af ásetningi eða án fyrirætlunar. Þegar menn læra af ásetningi skipuleggja þeir oftast nám sitt sjálfir ("selfdirected learning") Við erum okkur þó meðvituðust um það nám sem skipulagt er af öðrum fyrir hinn fullorðna ("fremdorganisiertes Lernen" t.d. námskeið). Án fyrirætlunar læra fullorðnir í fyrsta lagi við athafnir sem hafa lærdóm ekki að aðal tilgangi, heldur á lærdómurinn sér stað meðfram því sem gert er (t.d. sumarfrí til Grikklands). Í öðru lagi læra menn af tilviljun, alveg óvart (t.d. við slys eða óvænta uppgötvun) og í þriðja lagi læra þeir í og úr vanagangi ("rútinum") daglegs lífs. Lærdómur án fyrirætlunar getur leitt til náms (af ásettu ráði).

Aðferð

Einn aðal vandinn við nám fullorðinna kemur fram við þann hlutann sem skipulagður er af öðrum. Námskeið og fyrirlestrar um mismunandi efni geta höfðað mismunandi mikið til þátttakenda. Þótt efnið sjálft höfði til fólksins má vera að sú nálgun sem leiðbeinandi velur eða þær aðferðir sem hann notar letji þátttakendur frekar en hvetji til náms. Þar sem námið er skipulagt af öðrum þýðir það að efnisval, framsetning, verkefni o.s.frv. miðast við áhuga og þekkingu leiðbeinandans. Viðfangsefnið þarf vissulega að höfða til hinna fullorðnu en nálgun og aðferðir sem notaðar eru geta ráðið sköpum um það hvort og hversu mikið hinn fullorðni lærir.

Við notum alltaf einhverja aðferð við námskeiðahald og kennslu. Lang flestir nota þær aðferðir sem þeir hafa séð og sjálfir upplifað. Þeir gera sér samt sem áður ekki alltaf grein fyrir áhrifum og afleiðingum þeirra. Allar okkar athafnir hafa áhrif, sumar jákvæð aðrar neikvæð. Hér á ég við bæði bein áhrif, þ.e. hvort þær skili tilætluðum árangri, sem og óbeinum, s.s. áhrif á mannleg samskipti innan hópsins. Þær aðferðir sem við veljum gefa þar að auki ákveðin skilaboð um það hver kennarinn er, hver þátttakendinn er og hvernig sambandi þeirra er eða verður háttáð.

Í þessu samhengi getum við kallað hugtakið "hulin námskrá" til leiks. Í öllum námssamhengjum eru ýmis skilaboð sem námsmaðurinn fær miðlað gegnum þær aðferðir sem notaðar eru og það hvernig ramminn um námið er smíðaður. Þekktustu dæmin eru hringing skólaklukkunnar, reglan um að nemendur standi upp þegar kennarinn kemur inn, krafan um hreinlæti, og að hafa lokið heimavinnu sinni á réttum tíma. Þessi atriði hafa jafnvel varanlegri áhrif á nemandann en það efni sem verið er að kenna honum. Þær aðferðir sem notaðar eru, gefa til kynna hvaða mannskilning kennarinn (menntastofnunin) hefur, hvaða viðhorf hann hefur til þátttakendanna sem manneskja, fyrri reynslu og þekkingar þátttakendanna, og trú hans á vilja þeirra og hæfileika til þess að læra.

Aðferðin hefur einnig bein áhrif á útkomuna: mismunandi aðferðir henta mismunandi viðfangsefnum og markmiðum. Þær eru mis áhrifaríkar. Þannig læra menn t.d. mun betur það sem þeir gera sjálfir en það sem þeir heyra.... Annað er, að ólíkum námsmönnum hentar ólíkar aðferðir: Búast má við að þátttakendur námskeiðanna hafi tamið sér mismunandi námsstíl, að þeim henti því mismunandi kennsluaðferðir. Þess vegna er nauðsynlegt að beita mismunandi aðferðum í sama námskeiðinu. Það kemur í veg fyrir þreytu og tryggir að allir fá eitthvað við sitt hæfi.